

Orka náttúrunnar ohf.
Bæjarhálsi 1
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. júní 2022
Tilvísun: OS2021060024/10.4
Verknúmer: 4353410

Efni: Kvörtun ON um söluaðilaskipti - ákvörðun

Þann 21. maí 2021 barst Orkustofnun kvörtun frá Orku náttúrunnar ohf. (ON) vegna afturköllunar söluaðilaskipta frá Orkusölnunni ehf. Nánar telur ON að ekki liggja ávallt fyrir upplýst samþykki viðskiptavina gagnvart söluþyrirtækjum raforku þegar viðskiptavinir eru færðir í viðskipti við söluþyrirtæki raforku.

Málsatvik

Í kvörtun ON er rakið að viðskiptavinir fyrirtækisins hafi verið færðir í viðskipti til Orkusölnunnar án þess að hafa staðfest með fullnægjandi hætti að þeir hafi óskað eftir að skipta um söluþyrirtæki raforku. Að mati ON hafi það gerst með því að Orkusalan hafi haft samband við kaupendur raforku símleiðis og kynnt þeim möguleika á því að skipta um söluþyrirtæki raforku. Í kjölfar símtalsins hafi viðskiptavinur ON svo verið boðið að fá tilboð í raforkuviðskipti. Það tilboð hafi hins vegar ekki borist en Orkusalan hafi tilkynnt Netorku um að þessir viðskiptavinirnir sem fengu símtalið, séu komnir í viðskipti við Orkusölnuna. ON krefst þess að söluaðilaskipti, þar sem viðskiptavinir sem hafi verið færðir með þessum hætti úr viðskiptum til Orkusölnunnar, verði færðir aftur í viðskipti við fyrirtækið með því að kallaðar verði aftur tilkynningar um söluaðilaskipti þar sem þetta á við. ON lýsir því að um 20 viðskiptavinir fyrirtækisins hafi verið færðir í viðskipti við Orkusölnuna með þessum hætti.

Þann 27. og 28. maí 2021 sendi ON Orkustofnun upplýsingar um tiltekin söluaðilaskipti sem framkvæmd höfðu verið í samræmi við framangreinda lýsingu. Allir viðskiptavinirnir sem eru aðilar að þessum söluaðilaskiptum, könnuðust ekki við að hafa samþykkt söluaðilaskipti frá ON til Orkusölnunnar. Enn fremur kom fram að ON væri að skoða um 50 söluaðilaskipti á þessum tíma.

Þann 7. júní 2021 sendi ON svo Orkustofnun afrit af umboð þriggja einstaklinga þar sem fyrirtækinu er veitt umboð til að fara fram á afturköllun söluaðilaskipta og gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart Netorku til að svo megi verða. Enn fremur er ON falið að kvarta fyrir hönd þessara einstaklinga til viðeigandi stjórnvalda, þ.á.m. Orkustofnunar, Samkeppniseftirlitsins og Neytendastofu.

Þann 11. júní 2021 sendi ON Orkustofnun enn á ný fleiri umboð viðskiptavina til að fara með mál sín varðandi söluaðilaskipti á raforku. Í tölvupóstinum, sem umboðin voru send í til Orkustofnunar, kemur fram að ON hafi þá þegar náð að kalla aftur fimm tilkynningar um söluaðilaskipti.

Málsmeðferð Orkustofnunar

Þann 10. júní 2021 sendi Orkustofnun Netorku fyrirspurn vegna kvörtunar ON með afriti til ON. Í fyrirspurninni er óskað eftir skýringu Netorku á framkvæmd notendaskipta. Nánar tiltekið er óskað eftir afstöðu Netorku til þeirrar málsatvicalýsingar í kvörtun ON um að ekki hafi þurft að staðfesta flutning viðskiptavina frá fyrirtækinu til Orkusölnunnar en hins vegar virðist Orkusalan hafa þurft að samþykkja flutning viðskiptavina frá fyrirtækinu til ON.

Netorka svaraði Orkustofnun þann 15. júní 2021 með afriti á ON. Í svari Netorku er vísað í að skv. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, er forsenda raforkuviðskipta almennra notenda að þeir geri raforkusölusamning við söluþyrirtæki raforku. Enn fremur er vísað til þess að í grein 5.1, í netmála B6 (Skilmálar um samskipti aðila á raforkumarkaði), að söluþyrirtæki raforku tilkynni um raforkusölusamning við notanda til viðkomandi dreifiveitu að því gefnu að notandinn hafi þá þegar

samþykkt slíkan samning. Enn fremur komi fram í grein 9.2 að „Við skipti á sölufyrirtæki skal hið nýja sölufyrirtæki senda tilkynningu um nýjan samning vegna skipta á sölufyrirtæki til þjónustuaðila dreifiveitu. Tilkynningin skal vera í formi rétt útfyllts Z03L skeytis sem jafngildir uppsögn á raforkusölusamningi við fyrra sölufyrirtæki“.

Að mati Netorku hefur fyrirtækið ekki tök á því að kanna nánar hvort að skilyrði reglugerðarinnar og netmálans um gerð samnings séu uppfyllt, hins vegar yrði slíkt mögulegt með breyttri tækni í samstarfi Netorku og sölufyrirtækja raforku. Netorka bendir á að þegar sölufyrirtæki raforku sendir inn beiðni um söluaðilaskipti og talið er að um mistök hafi verið að ræða, sé það kannað hjá bæði hjá fyrra og nýju sölufyrirtæki raforku, sem þá eru beiðin er um að staðfesta að samningur liggja að baki viðskiptunum, þegar viðskipti eru leiðrétt aftur í tímann. Netorka telur sig þannig ekki hafa heimildir til að grípa inn í viðskipti sölufyrirtækja nema að staðfesting „hlutaðeigandi aðila liggja fyrir“.

ON gerði athugasemd við svar Netorku með tölvupósti dags. 29. júní 2021. Í athugasemdinni kemur fram að ON telur að Netorka ætti að fylgjast með því að notendur hafi gert samning við sölufyrirtæki raforku. Í öðru lagi telur ON að leiðrétting söluaðilaskipta aftur í tímann fari ekki fram með ofangreindum hætti í samræmi við lýsingu Netorku, heldur fari Netorka fram á að viðskiptavinur sem hefur ranglega verið færður í viðskipti hjá sölufyrirtæki raforku hafi samband við fyrirtækið og óski leiðréttingar. Að því loknu munu þær leiðréttingar eiga sér stað næstu mánaðamót þar á eftir og þar með fá viðskiptavinur reikning frá þeim raforkusala sem ranglegu skráði hann í viðskipti hjá sér.

Þann 11. júní 2021 sendi Orkustofnun Orkusölnni fyrirspurn um kvörtun ON. Í fyrirspurninni óskaði Orkustofnun eftir því að Orkusalan gerði grein fyrir því hvort að tilteknir einstaklingar (sem gefið höfðu ON umboð sitt – sjá hér að framan) væru í viðskiptum við Orkusölnuna, hvernig viðskiptavinirnir hefðu þá óskað eftir því að koma í viðskipti við Orkusölnuna og þá staðfestingu á upphafi viðskipta við fyrirtækið. Síðast en ekki síst óskaði Orkustofnun eftir afritum af staðfestum raforkusölusamningum sem gerðir höfðu þá verið við þessa einstaklinga og svo öðrum sjónarmiðum Orkusölnunnar við kvörtun ON.

Juris f.h. Orkusölnunnar, svaraði bréfi Orkustofnunar þann 20. júní 2021. Í svarinu kemur fram að Orkusalan hafni málsatvikalýsingu ON, eins og henni er lýst í kvörtuninni og rakin er hér að framan. Orkusalan telur að fyrirtæki sem missi viðskiptavinum frá sér, þurfi að sýna fram á að til staðar sé gildur raforkusölusamningur og ef afturkalla eigi söluaðilaskipti þurfi það að gerast á grundvelli slíkra samninga. Orkusalan dregur í efa að slíkir samningar hafi verið til staðar af hálfu ON fyrir þá viðskiptavinum sem ON telur upp í kvörtun sinni.

Orkusalan gerir grein fyrir því sjónarmiði að munnlegir samningar séu jafngildir skriflegum samningum og ekkert komi fram í raforkulögum nr. 65/2003 eða í 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 um frávík frá þeirri meginreglu fyrir almenna notendur raforku.

Orkusalan skýrir að í tengslum við umrædd notendaskipti, hafi fyrirtækið framkvæmt þau eftir símtal við væntanlega viðskiptavinum, sem hafi þá að gefnu munnlegt samþykki fyrir því að verða skráðir sem væntanlegir kaupendur Orkusölnunnar. Orkusalan hafi síðan framkvæmd notendaskipti fyrir þessa aðila í samræmi við verklag þess efnis með tilkynningum við Netorku (fyrir hönd dreifiveitna). Orkusalan skýrir enn fremur að samhliða tilkynningu til Netorku sé væntanlegum viðskiptavinum Orkusölnunnar sendur netpóstur um að upphaf viðskipta við fyrirtækið. Að öllu jöfnu ætti það að leiða til þess að viðskiptavinir séu þá upplýstir um að viðskipti við Orkusölnuna séu að hefjast, þótt fyrirtækið telji ekki loku fyrir það skotið að það geti misfarist af eðlilegum ástæðum s.s. að netfang sé ekki rétt skráð. Orkusalan bendir á að fyrirtækið líti þannig á að greiðsla fyrsta reiknings sé staðfesting á því að viðskiptasamband hafi komist á og þar með hafi kaupandi raforku enn fremur samþykkt viðskiptaskilmála fyrirtækisins.

Orkusalan mótmælir því að afturköllun söluaðilaskipta hafi gengið treglega af hálfu fyrirtækisins, enda fylgi Orkusalan verklagi Netorku við afturköllun söluaðilaskipta. Orkusalan bendir á að fyrirtækið hafi í fyrstu sinnt því að afturkalla söluaðilaskipti án staðfestingar frá viðskiptavinum að beiðni ON en hætt

Því þegar í ljós hafi komið að ON óskaði þess ítrekað og meðal annars fyrir hönd viðskiptavina sem aldrei höfðu verið í viðskiptum hjá Orkusölunni. Orkusalan hafi í kjölfarið óskað eftir staðfestingu frá viðskiptavinum um afturköllun söluaðilaskipta, enda telji fyrirtækið það vera eðlilega og málefnalega kröfu við framkvæmd þeirra. Í kjölfarið höfðu Orkusölunni borist 22 undirrituð skjöl frá viðskiptavinum um afturköllun söluaðilaskipta en þar af hafi tvö verið frá viðskiptavinum sem aldrei höfðu verið í viðskiptum hjá Orkusölunni. Orkusalan tekur fram að kaupendur raforkunnar gerðu engar athugasemdir í tengslum við söluaðilaskiptin heldur hafi þær komið fram eftir að þau voru framkvæmd.

Orkusalan gerir að lokum grein fyrir því að fyrirtækið hefur innleitt rafrænar undirritanir, sem aflað er eftir að hefur selt raforku til tiltekins viðskiptavinar svo sem símleiðis. Þannig er Netorku ekki tilkynnt um söluaðilaskipti af hálfu Orkusölnnar nema að rafræn undirritun liggja fyrir af hálfu væntanlegs viðskiptavinar.

Forsendur og niðurstaða

Um raforkuviðskipti og mælingar gilda ákvæði reglugerðar nr. 1150/2019. Reglugerð 1150/2019 sækir stöð í 3. mgr. 20 gr. raforkulaga þar sem kveðið er á um að nánari reglur um viðskipti með raforku skulu settar í reglugerð. Segir ennfremur í ákvæðinu að í reglugerð skal m.a. mælt fyrir um hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu, flutnings, dreifi- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig skuli staðið að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda. Jafnframt er kveðið á um í 5. tl. 1. mgr. 19. gr. raforkulaga nr. 65/2003 að sölufyrirtæki ber að tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.


Í 1. tl. 6 gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 115/2019 kemur fram að dreifiveitum ber að „tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda hafi þeir gildan samning um kaup eða sölu á raforku, uppfylli tæknileg skilyrði fyrir tengingu og hafi greitt tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá“.

Í 13. tl. 6 gr. reglugerðarinnar kemur fram að dreifiveitur skulu halda skrá yfir veitur á sinu dreifiveitusvæði þannig að hægt sé að tengja veituna við viðskiptavini og annast söluaðilaskipti.

Í 7. gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1150 /2019 kemur skýrt fram að forsendur viðskipta með raforku almennra notenda sé að viðkomandi sé skráður viðskiptavinur dreifiveitu á tilteknum notkunarstað, að neysluveita hans sé tengd dreifikerfinu og að hann hafi gert raforkusölusamning við sölufyrirtæki. Í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar fylgir raforkusölusamningur, sem fyrir hendi er notenda, við notendaskipti neysluveitu.

Í 4. mgr. 7 gr. reglugerðarinnar kemur fram heimilt sé að gera raforkusölusamning á rafrænu formi.

Í netmála Landsnets B6 útgáfu 2.0 sem gildi frá 1. ágúst 2009 til 7. apríl 2021, kemur fram í grein 9.6 lýsing á framkvæmd notenda- og söluaðilaskiptum með eftirfarandi hætti:



Mynd 1: Samskipti og tímasetningar vegna skipta á sölufyrirtæki

Netmáli B7 lýsir skilmálum um mæligögn, notkunarferil og notkunarferilsuppgjör. Þegar lesið er í gegnum netmálann má vera ljóst að markmiðið er að á hverjum tíma séu réttum rauntímagögnum miðlað á milli aðila á markaði til að viðskipti með raforku geti gengið hnökralaust fyrir sig.

Í kafla 2-Skilgreiningar, t.l. 2.5 í netmála B6, sem lýsir skilmálum um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli- og uppgjörsgögn kemur fram að grunnöggn eru skilgreindar sem upplýsingar um aðila, mælistaði, mæla og áætlaða ársnotkun. Raforkusölusamningur er að mati Orkustofnunar grunn gagn þegar kemur að samskiptum aðila á raforkumarkaði, sem þurfa að byggja á rekjanlegum gögnum í gegnum upplýsingakerfi á raforkumarkaði og því getur hann ekki sem slíkur verið munnlegur.

Í kafla 2-Skilgreiningar, t.l. 2.19 í netmála B6, kemur fram að upphaf afhendingar miðist við þegar raforkuafhending samkvæmt nýjum raforkusölusamningi hefst í mælistað. Það liggur fyrir að til að dreifiveita geti tímasett raforkuafhendingu á neysluveitu samkvæmt nýjum raforkusölusamningi á mælistað, þarf dreifiveitan að hafa aðgang að gildum raforkusölusamningi eða geta gengið úr skugga um að hann hafi verið gildur með öðrum hætti.

Í kafla 3-Forsendur, gr. 3.1 í netmála B6, kemur fram að einn og sami notandi skal vera með samning annars vegar við sölufyrirtæki um kaup á raforku og tengisamning við dreifiveitu um tengingu mælistaðar. Að mati Orkustofnunar er raforkusölusamningur grundvöllur þess að hægt sé að tengja viðskipti við raforku við samning um neysluveitu enda eiga þessir tveir samningar að fylgjast að í öllum raforkuviðskiptum.

Í kafla 3-Forsendur, gr. 3.3 í netmála B6, kemur fram að sölufyrirtæki og dreifiveitur skulu geta skipst á yfirlitsskrá grunnagna fyrir sameiginlega mælistaði til afstemmingar og yfirfærslu upplýsinga vegna breytinga á hlutverki aðila. Það liggur fyrir að raforkusölusamningur inniheldur upplýsingar sem þarf að yfirfæra á milli aðila við breytingar t.d. þegar nýtt sölufyrirtæki raforku tekur yfir raforkusölu á tilteknum neyslumæli.

Í kafla 5-skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja, gr. 5.1 í netmála B6, kemur fram að sölufyrirtæki beri að tilkynna um raforkusölusamning við notanda til þeirrar dreifiveitu sem ábyrg er fyrir dreifisvæði notandans en jafnframt að samþykki notanda á raforkusölusamningi skuli liggja til grundvallar tilkynningu sölufyrirtækis til dreifiveitu um nýjan raforkusölusamning. Það liggur fyrir að viðmið sem dreifiveitur hafa sett fyrir sölufyrirtæki raforku til að hægt sé að koma á raforkuviðskiptum, leiðir að því raforkusala inn á tilteknar dreifiveitur verða að byggja á rekjanlegu samþykki viðkomandi notanda dreifveitunnar.

Í kafla 6-skyldur og ábyrgð dreifiveitna, gr. 6.2 og gr. 6.3, kemur fram að dreifiveitum ber að halda skrá yfir grunn- og mæligögn fyrir hvern mælistað á viðkomandi dreifiveitusvæði og miðla grunngögnum til sölufyrirtækja er varða notendur þeirra. Grundvöllur þessa ákvæðis er að til að dreifiveita geti sinnt hlutverki sínu, þarf réttmætur raforkusölusamningur að liggja til grundvallar viðskiptunum.

Að mati Orkustofnunar lýsa netmálar B6 og B7 verklagi og ferlum sem augljóslega miða að því að notendur neysluveitna séu með á hverjum tíma, rétt skráð af hverjum þeir kaupa rafmagn. Það er því í eðli viðskipta með raforku að þau verða að byggjast á gildum samningum á hverjum tíma. Því er það þannig að samningur notanda neysluveitu fer saman með samningi hans um raforkukaup, sé neysluveitan á annað borð opin fyrir afhendingu raforku. Út frá hagsmunum raforkusala er því mikilvægt að samningar um afnot af neysluveitu fylgist að við samninga um raforkukaup, meðal annars til að tryggja eðlilega viðskiptahætti á raforkumarkaði og að sölufyrirtæki raforku búi við þær aðstæður að geta spáð fyrir um raforkunotkun og þá keypt raforku fyrir sína viðskiptavini í réttu magni.

Fyrirkomulag raforkuviðskipta á markaði byggir á því að til staðar sé gildur samningur um sölu raforku til almennra notenda sem þeir hafa staðfest með sannanlegum hætti og tengist sölu á raforku í gegnum tilteknar neysluveitur sem notendur eru skráðir fyrir. Þannig og með réttu framkvæmd ætti að vera tryggt að ætíð ætti að vera ljóst hvaða sölufyrirtæki raforku selur raforku til tiltekinna almennra notenda í gegnum sérhverja neysluveitu. Rétt framkvæmd í þessu tilviki felur það í sér að hægt sé að rekja með sannanlegum hætti við hvaða almennu notendur sölufyrirtæki raforku hafa gert samninga við.

Það er skýrt að skilyrði fyrir tengingu almennra notenda við dreifikerfið er að til staðar sé samningur um kaup eða sölu á raforku. Það liggur fyrir í samræmi við eðli máls að dreifiveitur ganga á eftir þeim skilyrðum að almennir notendur uppfylla tæknileg skilyrði fyrir tengingu við dreifiveitu, ásamt því að þeir greiði tengigjöld í samræmi við gjaldskrá dreifiveitna. Að sama skapi eiga dreifiveitur að ganga úr skugga um að til staðar sé gildur samningur um sölu á raforku, áður en almennur notandi er tengdur við dreifiveituna.

Það verklag, að Orkusalan hafi ekki gert samninga við almenna notendur, sem hægt var að rekja með sannanlegum hætti er að mati Orkustofnunar brot á inntaki reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar og netmála B6 um forsendur raforkuviðskipta. Líkt og með önnur gögn sem nauðsynleg eru, til að raforkuviðskipti geti farið fram, skapa „munnlegir raforkusölusamningar“ ekki nægjanlega forsendu til að dreifiveita geti treyst á að forsendunni fyrir tengingu neysluveitu hafi verið fullnægt þ.e. gerð raforkusölusamnings. Það er því mat Orkustofnunar að Orkusalan hafi brotið gegn 1. mgr. 7 gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 115/2019 og greinum 3.1 í 3. kafla netmála B6, 5.1. í 5. kafla netmála B6 og gr. 5.2 í netmála B6.

Að mati Orkustofnunar hafa dreifiveitur í gegnum netmála B6, komið á fót regluverki sem styður við að gildur raforkusölusamningur sé til staðar fyrir tengingu á neysluveitum til almennra notenda. Hins vegar er skýrt að skv. 1. tl. 6 gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 115/2019 að dreifiveitum ber að ganga úr skugga um að gildur raforkusölusamningur sé til staðar, svo sem með handahófskenndu úrtaki eða innbyggðu eftirliti í ferli notendaskipta (t.d. með rafrænu samþykki aðila). Það er því mat Orkustofnunar að dreifiveitur hafi brotið gegn 1. tl. 6 gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 115/2019, með því að ganga ekki úr skugga með fullnægjandi hætti, að gildur raforkusölusamningar hafi verið að bak tilkynningum frá Orkusölnunni um nýja viðskiptavini sem leiddu til söluaðilaskipta viðskiptavina frá ON.

Vegna mikilla starfsanna hjá stofnuninni hefur dregist að leysa úr kvörtuninni og taka ákvörðun og eru hlutaðeigandi aðilar beðnir afsökunar á drættinum sem orðið hefur á úrlausn málsins.

Ákvörðunarorð

Það er ákvörðun Orkustofnunar að Orkusalan hafi hafi brotið gegn 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 115/2019 og greinum 3.1 í 3. kafla netmála B6, 5.1. í 5. kafla netmála B6 og gr. 5.2 í netmála B6 með því að hafa ekki gert raforkusölusamning við kaupendur raforku þar sem hægt var að rekja gerð hans og tilvist með sannanlegum hætti þannig að dreifiveitur gætu treyst því að tilkynningar fyrirtækisins um nýja viðskiptavinum væru reistar á nægjanlega traustum grundvelli. Þessi niðurstaða byggir á því að gögn málsins hafa sýnt að nokkrir notendur voru færðir aftur í viðskipti við ON, eftir að fyrirtækið og/eða þeir sjálfir bentu Netorku á að tilkynningar Orkusölnnar hefðu ekki verið gerðar með vitund og/eða upplýstu samþykki viðskiptavinanna. Auk þess er rétt að benda á að fyrirtækið sjálft hefur nú þegar breytt verklagi sínu í þá átt að viðskiptavinir staðfesta nú rafrænan samning í stað þess að munnleg samskipti séu grundvöllur að raforkukaupum. Þessi breyting á verklagi Orkusölnnar sýnir að mati stofnunarinnar að fyrirtæki sjálft hafi í raun áttað sig á að munnlegir samningar geti ekki verið grundvöllur að viðskiptum með raforku þar sem mikilvægt er að öll gögn um viðskipti séu rekjanleg í gegnum viðskiptakerfin sem eru rekin til að viðskipti geti farið fram með raforku, gagnvart öllum hagsmunaaðilum.

Það er ákvörðun Orkustofnunar að dreifiveitur hafi brotið 1. tl. 6 gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 115/2019, með því að ganga ekki úr skugga með fullnægjandi hætti, að gildur raforkusölusamningar hafi verið að baki tilkynningum frá Orkusölnni um nýja viðskiptavinum sem leiddu til söluaðilaskipta viðskiptavina frá ON. Það eitt og sér, að koma á viðskiptakerfi, sem ætlað er að tryggja að samningar séu að baki viðskiptum með raforku, er ekki fullnægjandi nema að byggt sé inn í ferli söluaðilaskipta eftirlit sem tryggir að aðilar séu upplýstir um stöðu sína og hafi með sannanlegum hætti staðfest vilja sinn til viðskipta. Á meðan svo er ekki, ber dreifveitum að ganga úr skugga um að samningar liggja að baki raforkuviðskiptum frá einum tíma til annars, svo sem með handahófskenndur úrtaki raforkusölusamninga frá sölufyrirtækjum raforku.

Stjórnvaldsáskvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi dreifiveitna sæta kærur til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30 gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Orkustofnunar.

Virðingarfyllst,
f.h. raforkueftirlits Orkustofnunar



Guðmundur I Bergþórsson
verkefnastjóri raforkumarkaða



Hanna Björg Konráðsdóttir
deildarstjóri raforkueftirlits

Afrit sent til: Orkusölnnar ehf., Netorku, Dreifiveitna raforku